

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. desember 2022
Málsnúmer: 202211-0036
LA

Efni: Umsögn um leyfi til hagnýtingar grunnvatns á og við lóð fyrirtækisins Laxa fiskeldis ehf. að Laxabraut 9 og 11 í Þorlákshöfn

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 24. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um nýtingarleyfi til töku á jarðsjó og fersku grunnvatni á lóð fyrirtækisins Laxa fiskeldi ehf. Áformuð er nýting á allt að 375 l/s af fersku grunnvatni og 5.000 l/s af söltu grunnvatni (jarðsjó). Heildar vatnsvinnsla mun nema 2.185 l/s að meðaltali á ársgrundvelli.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina og fylgiskjöl.

Í álitum Skipulagsstofnunar frá 19. apríl 2021 um mat á umhverfisáhrifum kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn sé óviss og að áður en framkvæmdir hefjist þurfi að liggja fyrir vöktunaráætlun um eftirfylgni með því hvort vatnstaka hafi áhrif á grunnvatnsyfirborð og hættu á að jarðsjór blandist ferskvatnslinsu. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að í leyfi þurfi að setja skilyrði um vöktun á grunnvatni og viðbrögð við áhrifum á grunnvatnsborð reynist þau meiri en gert er ráð fyrir. Slík vöktun telur Skipulagsstofnun að þurfi að vera samstarfsverkefni sveitarfélagsins sem skipulagsyfirvalds og leyfisveitanda, Orkustofnunar sem leyfisveitanda fyrir nýtingarleyfi og viðkomandi fyrirtækja sem eru að nýta auðlindina.

Í fylgigögnum er ekki að sjá að vöktunaráætlun liggja fyrir eða að hún sé samstarfsverkefni áðurnefndra aðila. Náttúrufræðistofnun telur að samlegðaráhrif vatnsnýtingar fiskeldisfyrirtækja við Þorlákshöfn geti valdið vanda ef ekki er fylgst reglulega með stöðu grunnvatns og brugðist við ef þörf er á. Í framhaldi af þessari óvissu telur Náttúrufræðistofnun að 20 ára gildistími nýtingarleyfis sé langur tími og að setja þurfi skilyrði um vöktunar- og viðbragðsáætlun vatnstökunnar.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur á svið Náttúruverndar

